



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Garðabær
Bæjarráð Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Kópavogur, 16. október 2015
1501012 SB

Varðar: Sameiginleg ferðapjónusta fyrir fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu

Á 421. fundi stjórnar SSH, þann 12. október sl., var fjallað um ofangreint málefni.

Eftirfarandi var bókað:

Sameiginleg ferðapjónusta fyrir fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu; málsnr: 1501012

Fyrir fundinum lá minnisblað framkvæmdastjóra SSH frá 10. september 2015, sem lagt var fram á 420. fundi stjórnar 14. september 2015.

Í framhaldi af umræðum á síðasta stjórnarfundum var eftirfarandi samþykkt:

„Stjórn SSH leggur til við aðildarsveitarfélögin að hlutdeild hvers sveitarfélags í notkun á akstri ferðapjónustu fyrir fatlað fólk verði reiknuð á grundvelli þess tíma sem hvert sveitarfélag notar. Fyrirkomulag þetta gildi frá 1. janúar 2015. Við útreikning á hlutdeild hvers sveitarfélags fyrir tímabilið frá 1. janúar til 31. október verði byggt á þeim hlutfallstöllum sem fram koma í fyrirbyggjandi minnisblaði framkvæmdastjóra frá 10. september sl., en þaðan í frá verður byggt á rauntímaskráningu hvers tímabils.

Jafnframt leggur stjórn SSH til að nú þegar verði sett í gang vinna velferðarsviða sveitarfélaganna og Strætó bs. við útfærslu á nauðsynlegum breytingum á núverandi framkvæmd á skipulagi aksturs ferðapjónustunnar til að ná fram lækkingu á aksturskostnaði, m.a. í samræmi við skilgreiningu og ábendingar framkvæmdaráðs. Greindir verði þeir möguleikar sem eru til hagræðingar og betri nýtingar og fækkunar aksturstíma, og skoðað hvernig best verður staðið að innleiðingu breytinganna í samráði við hagsmunasamtök notenda. Samhliða verði skoðaðir möguleikar á betri nýtingu vagnakosts með samstarfi við þjónustustofnanir um sveigjanlegri mætingu þjónustuþega frá því sem nú er. Við úrvinnslu verkefnisins verði m.a. byggt á þeim ábendingum sem fram koma í tillögum Framsækni ehf. sbr. minnisblað framkvæmdastjóra SSH frá 10. september 2015.

Framangreindri vinnu verði stýrt af sérstökum verkefnisstjóra og stefnt að verklokum eigi síðar en 15. nóvember 2015. Kostnaður vegna þessarar vinnu verði greiddur af sveitarfélögunum í hlutfalli við íbúafjölda“

Virðingarfyllt,

Páll Guðjónsson
framkvæmdastjóri SSH

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026